

Tillaga

Viðtakandi: Bæjarráð

Efni: Heimild til samningagerðar að yfirstöðnu útboði, Skarhólabraut – Veitulagnir.

Dags: 10. mars 2023

Málsnúmer: 202212210/40.1

Sendandi: Óskar G. Sveinsson, deildarstjóri framkvæmda og Þorsteinn Sigvaldason, verkefnisstjóri eignasjóðs

Tillaga:

Óskað er eftir að bæjarráð heimili að gengið verði til samninga við lögstjóðanda á grundvelli tilboðs hans í verkið Skarhólabraut - Veitulagnir.

Greinargerð:

Á 1567. fundi bæjarráðs þann 9. febrúar var samþykkt að bjóða út lagningu stofnlagnar að vatnstanki í Úlfarsfellshlíðum.

Miðvikudaginn 8. mars 2023 kl.11:00 voru opnuð tilboð í verkið Skarhólabraut – Veitulagnir.

Óskað er heimildar bæjarráðs til þess að ganga til samninga við lögstjóðanda, Urð og Grjót ehf, á grundvelli tilboðs hans að því gefnu að skilyrðum útboðsgangna hafi verið uppfyllt. Um er að ræða fæðilögn frá dælubrunni við Skarhólabraut að tengistað ofan Desjamýri. Innifalið í þessu verki er einnig að gera lóðina Skarhólabraut 3 byggingarhæfa með fráveitulögnum og veitulögnum auk innkeyrslu að lóðinni.

Eftirfarandi tilboð bárust:

1. Urð og grjót ehf	kr. 88.042.700.-
2. Karína ehf	kr. 98.646.600.-
3. Gleipnir ehf	kr. 109.500.000.-
4. Jarðval sf	kr. 121.880.500.-
5. EMKAN ehf	kr. 134.800.000.-
6. Steingarður ehf	kr. 175.174.238.-
7. SS verktak ehf	kr. 196.114.750.-
8. Stíflur ehf / Stíflutækni ehf	kr. 359.770.000.-

Í fyrirliggjandi fjárhagsáætlun ársins 2023 er gert ráð fyrir 90 m.kr. til framkvæmda við veitulagnir í Skarhólabraut auk þess að gera lóð byggingarhæfa. Bæjarráð Mosfellsbæjar heimilaði útboð með tilliti til minnisblaðs umhverfissviðs dags. 27. janúar 2023 þar sem heildarkostnaður framkvæmda var áætlaður 110 milljónir króna. Tilboð lögstjóðanda var undir kostnaðaráætlun og því má áætla að heildarkostnaður framkvæmda verði um 102 milljónir króna að meðtalinni áætlun um kostnað við eftirlit, ráðgjöf og aðra ófyrirséða liðum á verktíma.

Lagt er til að samið verði við lögstjóðanda, Urð og grjót ehf, að því gefnu að skilyrðum útboðsgagna hafi verið uppfyllt.

Áætlað er að framkvæmdir geti hafist í apríl 2023 og verði að fullu lokið í september 2023.

Virðingarfyllt,

Óskar Gísli Sveinsson deildarstjóri framkvæmda

Þorsteinn Sigvaldason verkefnisstjóri eignasjóðs

